DAGBLAÐIÐ
frjálst, óháð dagblað

Útgefandi Dagblaðið hf.
Framkvæmdastjóri: Sveinn R. Eyjólfsson. Ritstjóri: Jónas Kristjánsson.
Fréttastjóri: Jón Birgir Pétursson. Ritstjórnarfulltrúi: Haukur Helgason. Skrifstofustjóri ritstjórnar: Jóhannes Reykdal. Íþróttir: Hallur Simonarson. Aðstoðarfréttastjóri: Atli Steinarsson. Handrit: Ásgrímur Pálsson.
Blaðamenn: Anna Bjarnason, Ásgeir Tómasson, Bragi Sigurðsson, Dóra Stefánsdóttir, Gissur Sigurðsson, Hallur Hallsson, Helgi Pétursson, Jónas Haraldsson, Katrín Pálsdóttir, Ólafur Geirsson, Ólafur Jónsson, Ómar Valdimarsson, Ragnar Lár.
Ljósmyndir: Bjarnleifur Bjarnleifsson, Hörður Vilhjálmsson, Sveinn Þormóðsson.
Skrifstofustjóri: Ólafur Eyjólfsson. Gjaldkeri: Þráinn Þorleifsson. Dreifingarstjóri: Már E. M. Halldórsson.
Ritstjórn Síðumúla 12. Afgreiðsla Þverholti 2. Áskriftir, auglýsingar og skrifstofur Þverholti 11.
Aðalsími blaðsins 27022 (10 línur). Áskrift 1500 kr. á mánuði innanlands. Í lausasölu 80 kr eintakið.
Setning og umbrot: Dagblaðið og Steindórsprent hf., Ármúla 5.
Mynda og plötugerð: Hilmir hf. Síðumúla 12. Prentun: Árvakur hf. Skeifunni 19.

Gylfi hættur



Yfirlýsing Gylfa Þ. Gíslasonar um að hann láti af þingmennsku er stórmerkileg frétt. Gylfi hefur um langt skeið verið í röð toppanna í pólitíkinni, þingmaður í 32 ár og ráðherra í 15 ár samtals. Hann er tvímælalaust einn hæfasti stjórnmálamaður landsins og hæfari en aðrir foringjar Alþýðuflokksins.

Athyglisvert er, að hann er aðeins sextugur, meðan talið hefur verið, að þingmenn ættu að hætta sjötugir, og margir þraukað eftir það. Stjórnmálamenn eru oft beztir milli sextugs og sjötugs. En stjarna Gylfa hefur fjarað út. Undir hans forystu lenti Alþýðuflokkurinn í mikilli lægð, sem óvíst er, að hann komist aftur úr.

Almenningi hefur gengið illa að skilja Gylfa og þá samsetningu stjórnmálarefs, hagfræðings og listamanns, sem í honum ólgar. Þetta skilningsleysi hefur gert andstæðingum Gylfa auðvelt fyrir. Hann hefur með réttu verið sakaður um hentistefnu og þátttöku í samtryggingarkerfi stjórnmálaflokkanna.

Hæfileikar Gylfa Þ. Gíslasonar komu einna bezt fram í viðreisnarstjórninni. Þá var það mál þeirra, sem bezt þekktu, að hann gengi næstur Bjarna Benediktssyni um hæfileika. En viðreisnarstjórnin varð Gylfa dýr. Hann hafði í upphafi ferils síns verið á vinstra væng Alþýðuflokksins. En samstarfið við Sjálfstæðisflokkinn í viðreisnarstjórninni svipti Alþýðuflokkinn enn fylgi meðal verkafólks. Almenningur skildi Gylfa enn verr en áður, þegar hann virtist samlitur foringjum Sjálfstæðisflokksins.

Gylfi hefur notið fylgis vegna hæfileika, en honum hefur ekki tekizt að safna um sig fjöldafylgi. Jafnvel innan fámenns hóps, sem hefur stjórnað Alþýðuflokknum, hefur fylgi hans verið af skornum skammti. Oftast hafa ýmsir aðrir fengið meira fylgi en hann, þegar til dæmis hafa verið kosnir fulltrúar á flokksþing í Alþýðuflokksfélagi Reykjavíkur. Því má vel skilja, að hann fýsi ekki í hart prófkjör nú.

Gylfi átti fyrir þremur árum frumkvæði að því, að Benedikt Gröndal tók við af honum sem formaður Alþýðuflokksins. Eftir að ungu mennirnir í Alþýðuflokknum knúðu fram, að prófkjör skyldu fara fram um framboð flokksins í kjördæmunum, kom upp sú staða, að vera mátti, að Benedikt og Gylfi berðust um efsta sæti listans í Reykjavík. Benedikt er annað betur lagið en að halda sambandi við almenna kjósendur sína. Hann var orðinn uggandi um framtíð sína í Vesturlandskjördæmi og setti því fram þá einkennilegu kenningu, að formaður Alþýðuflokksins þyrfti endilega að vera í framboði í Reykjavík.

Við þessar aðstæður hefur Gylfi Þ. Gíslason ákveðið að draga sig í hlé frá þingmennsku en láta áfram til sín taka í stjórnmálum.

Mikill tími páfa fer í að taka á móti þjóðarleiðtogum

— Páll páfi er 80 ára í dag

Víst eru til bláir hestar

— spjallað við Alcopley

Oft hef ég velt því fyrir mér hversu fátækari heimurinn væri af góðum listamönnum ef tilviljanir og stundum smáslys hefðu ekki átt sér stað og orðið til þess að ýta þeim sem voru að fást við annað út á listabrautina.

Ef dr. Alfred L. Copley hefði ekki fundið kassa með penslum og litum fyrir utan dyrnar sínar dag nokkurn á árinu 1939 hefði hann líkast til ekki orðið málari, en verið vís með að snúa sér að einhverri annarri listgrein, sem mótvægi við vísindastörf sín.

Það mun víst vera frekar fátítt í dag á öld sérhæfingar að rekast á mann sem er virkur á tveimur starfssviðum, svo gjörólíkum, sem málaralist og raunvísindi eru.

Listmálarinn, sem undanfarnar vikur hefur sýnt myndir sínar að Kjarvalsstöðum undir nafninu Alcopley er einn af þessum sérstæðu manneskjum.

Hann hefur lifað, eftir því sem hann sjálfur segir, í sátt og samlyndi með lækninum, lífeðlisfræðingnum og blóðsérfræðingnum Dr. Alfred L. Copley í hartnær 40 ár, án þess að annar hafi skyggt á hinn eða svo mikið sem afbrýðisemi hafi átt sér stað. Margir halda því fram að með aukinni þekkingu mannkynsins færist vísindi og listir sífellt nær og sé maður á annað borð kominn út í eitthvað slíkt ætti að vera auðvelt að söðla frá einni grein yfir í aðra. En það veit aðeins sá sem reynt hefur. Fáeinir vísindamenn hafa notað listirnar sem tæki til að hjálpa þeim að öðlast meiri þekkingu um heiminn. Svo var til dæmis um snillinginn Leonardo sem fyrst og fremst var náttúrufræðingur og afburða uppfinningamaður.

Í sýningarskrá segir Alcopley m.a. um þetta tvöfalda líf: List og vísindi eru ólíkar afleiðingar mannlegrar hugsunar. Þar sem vísindin eru að mestu leyti byggð á sundurliðun og rökvísi, grundvallast listir fyrst og fremst á hugmyndaflugi samfæringu. Hugarflugið fæðir af sér ályktanir sem skipt geta sköpum innan vísindanna og þar leggjast því vísindi og listir á eitt. Þar sem ég hef samtímis starfað sem vísindamaður og listamaður er sú reynsla er ég tjái í myndum mínum reist á þessu tvennu, hugarflugi og rökvísi.

Suður á Fálkagötu tekur Alcopley á móti mér, litríkur persónuleiki á rauðri skyrtu með mikið og úfið hár. Á snaga í ganginum hangir svört alpahúfa.

Ég leita ósjálfrátt að skærgræna hálsbindinu sem blaðamaður Morgunblaðsins er búinn að gera landsfrægt en í dag hefur Alcopley sett upp fjólublátt hálsbindi. Ég fæ þær upplýsingar að það sé heklað af einkadóttur listamannsins og Nínu heitinnar Tryggvadóttur, Unu Dóru, sem ber nafn Unu í Unuhúsi.

Alcopley býður upp á nýjan silung og spyr hvort ég vilji hann framreiddan á japanska vísu eða soðinn? Til frekari skýringar bætir hann við, japanir borða fiskinn hráan, það tók mig tíma að læra að meta hann en nú þykir mér hann hreinasta lostæti .... þeir borða hann bæði með haus og hala í Japan. Af því að ég er vanafastur íslendingur bið ég um silunginn soðinn.

Mig hefur lengi grunað að þessi maður sé ekki við eina fjölina felldur í listum og ég fer að svipast um hvort ég sjái ekki eitthvert hljóðfæri í stofunni, þó ekki væri nema litla flautan sem hallaði sér kæruleysislega upp að vegg.

Nei, Alcopley leikur ekki lengur á hljóðfæri, en sem ungur drengur lærði hann að spila á fiðlu og við förum að tala um myndlistarmenn sem einnig hafa verið góðir tónlistarmenn.

Við tölum um rússneska málarann Kandinsky sem gaf myndum sínum hljómlistarnöfn og Alcopley segir mér frá því hvernig fundum þeirra bar saman í Dresden, fæðingarborg Alcopleys, en þá var hann unglingsdrengur.

Alcopley: Ég var svo lánsamur að alast upp í Dresden sem er gömul þýsk menningarborg og átti listaháskóla sem fóstrað hefur marga garpa á sviði myndlistar og hönnunar. Kokoschka, austurríski málarinn, sem hvað frægastur hefur orðið fyrir persónutúlkanir í málverkum sínum, var á sínum tíma kennari við skólann og mörg bestu verka hans eru frá Dresdentímabilinu. Síðar varð Otto Dix, þýski ádeilumálarinn, prófessor við skólann. Hann varð síðar illilega fyrir barðinu á nasistum þegar þeir höfu herferð sína gegn „úrkynjaðri list" í Þýskalandi. Nú, þegar ég var fjórtán ára fór ég á fyrirlestur sem Kandinsky hélt. Eftir fyrirlesturinn fannst mér ég endilega verða að spyrja hann um eitthvað til að fá tækifæri til að tala við hann og áður en ég vissi af var ég búinn að beina til hans spurningum, sem hann svaraði með mikilli vinsemd. Það var ákaflega mikils virði fyrir mig, að hann talaði við mig eins og fullorðinn mann, þessi stutti fundur hafði mikil áhrif á mig.

Reyndar eiga þeir Kandinsky og Alcopley um margt sam-